

Kirkjuþing 2017  
17. mál – þskj. 17

**Skýrslur nefnda**  
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af þjóðmálanefnd  
Frsm. Drífa Hjartardóttir

**Skýrsla þjóðmálanefndar til kirkjuþings 2017**

Þjóðmálanefnd skipa sr. Magnús Erlingsson, Aðalbjörg Helgadóttir, Óskar Magnússon formaður, sr. Gunnlaugur Stefánsson og Ásbjörn Jónsson.

Svo sem fram kom í skýrslu þjóðmálanefndar til kirkjuþings 2016 lítur nefndi svo á að brýnt sé að innan þjóðkirkjunnar sé farvegur til þess að fást við umræður um þjóðkirkjuna á opinberum vettvangi. Nauðsynlegt er að þjóðkirkjan eigi frumkvæði að því að kynna hið mikla starf sem fram fer innan hennar vébanda og einnig er mikilvægt að til staðar sé þekking og reynsla til að bregðast við þegar á kirkjuna er hallað. Hefur þjóðmálanefnd lýst þeim vilja sínum að vera leiðandi í þessum efnum, einkum við að koma þessum þætti starfsins fyrir á skilvirkan og traustan hátt innan þjóðkirkjunnar og tryggja að öflug forystu verði um framgang þessarar mála.

Nefndin hefur ekki fengið formleg viðbrögð við þessum tillögum sínum en ítrekar nú, vilja sinn til að leiða slíkt starf.

Mikilvægt er að snúa vörn í sókn innan kirkjunnar og koma því mikla og óeigingjarna starfi sem þar fer fram á framfæri með kerfisbundnum hætti.

Í því sambandi vill þjóðmálanefnd leggja til að nú þegar verði gerð úttekt á framlagi og hlutverki kirkjunnar til velferðarþjónustu í þjóðfélaginu. Velferðarmál hafa verið mjög í brennidepli undanfarin ár en lítil vitneskja á meðal almennings um allt það starf sem fram fer á því sviði á vegum kirkjunnar um land allt. Víst má telja að niðurstöður athugunar af þessu tagi muni vekja mikla athygli og verða kirkjunni mjög til framdráttar. Nefndin er reiðubúin til að bera ábyrgð á athugun þessari en rétt kann að vera að fela óháðri rannsóknarstofnun að annast framkvæmdina og kynna niðurstöður síðan vandlega innan stofnana kirkjunnar og hvarvetna sem hljómgrunn má finna.

Október 2017,

Þjóðmálanefnd,

Óskar Magnússon,

Aðalbjörg Helgadóttir,

Sr. Gunnlaugur Stefánsson,

Ásbjörn Jónsson,

Sr. Magnús Erlingsson.